

Mars 2021

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN ALMANNAVARNA

Sveitarfélagið Reykjanesbær



Ríkislögreglustjóri
Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
Almannavarnarnefnd Suðurnesja
Sveitarfélagið Reykjanesbær

Viðbragðsáætlun fyrir Sveitarfélagið Reykjanesbæ

Stofnun

Ábyrgðaraðili

Akurskóli

Háaleitisskóli

Heiðarskóli

Holtaskóli

Myllubakkaskóli

Njarðvíkurskóli

Stapaskóli

Akur

Garðasel

Gimli

Heiðarsel

Hjallatún

Holt

Skógarás

Skógarsel

Tjarnarsel

Vesturberg

Völlur

Hæfingastöð

Íþróttamannvirki

Rammi Safnahús

Duus Safnahús

Nesvellir

Bókasöfn

Hljómahöll

Tónlistarskóli

Selið

Suðurgata 15-17

Björgin

Menningarmiðstöðvar unga
fólksins

EFNISYFIRLIT – KAFLASKIPTI

1	Inngangur	5
2	Staðhættir	6
2.1	Sveitarfélagið.....	6
3	Skilgreiningar	7
3.1	Óvissustig.....	7
3.2	Hættustig	7
3.3	Neyðarstig.....	7
3.4	Afboðun	7
3.5	Rýming	7
3.6	Flótti.....	7
3.7	Brotthlutningur	7
3.8	Forvirk rýming	7
3.9	Neyðarrýming	7
3.10	Rýming með takmörkunum.....	8
3.11	Skjól á staðnum.....	8
3.12	Skammstafanir.....	Error! Bookmark not defined.
4	Boðun	9
5	Stjórnkerfi	10
5.1	Neyðarstjórn sveitarfélagsins	10
5.2	Aðgerðastjórn(AST).....	10
5.3	Vettvangsstjórn.....	10
6	Starfssvæði	11
6.1	Móttökustaður bjarga (MÓT).....	12
6.2	Biðsvæði á vettvangi (BF, BH og BTB).....	12
6.3	Rýmingarsvæði	13
6.4	Gæslustörf á vettvangi	13
6.5	Fjöldahjálparstöð	14
7	Hverfaskipting, Rýmingaráætlanir og umferðarskipulag	15
7.1	Tilmæli vegna rýmingar.....	15
7.2	Hverfaskipting og flóttaleiðir	16
8	Verkefni viðbragðsaðila	20
8.1	Sveitarfélagið Reykjanesbær	21
8.2	Grunnskólar í Reykjanesbæ	21
8.3	Leikskólar.....	22
8.4	Íþróttamannvirki Reykjanesbæjar	22
8.5	Þjónustumiðstöð Reykjanesbæjar.....	23
8.6	Tónlistarskólar, félagsmiðstöðvar	23
8.7	Söfn í Reykjanesbæ	24

8.8	Þjónustustöðvar aldraðra	24
8.9	Aðrar stofnanir Reykjanesbæjar	24
9	Samskiptaskipulag sveitarfélagsins.....	26
9.1	Stofnanir svveitarfélagsins.....	26
10	Kort.....	27
11	Dreifingarlisti	32
12	Breytinga saga.....	32

1 INNGANGUR

Tilgangur viðbragðsáætlunar er að tryggja góð og rétt viðbrögð komi til hætta á vinnustað, stofnun eða í umhverfi. Viðbragðsáætlun sveitarfélagsins er áætlun fyrir starfsmenn og stjórnendur stofnannar. Er hún notuð sem leiðarvísir af þeim hlutverkum sem starfsmenn eiga að sinna.

Er hún unnin í samráðið við Almannavarnanefnd, og hluti af henni er í stærri áætlun almannavarnanefndar.

Yfirmaður sveitarfélagsins ber ábyrgð á þessari áætlun.

Lög um Almannavarnir

15. gr. Atvinnufyrirtækjum, sem hafa yfir 100 manns við störf á sama stað, er skylt samkvæmt fyrirmælum almannavarnanefndar að gera öryggisráðstafanir á vinnustað í því skyni að draga úr afleiðingum tjóns.

Brunavarnir mannvirkja.

23. gr. Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að það fullnægi kröfum um brunavarnir sem fram eru settar í lögum og reglugerðum og að brunavarnir taki mið af þeirri starfsemi sem fer fram í mannvirkinu eða á lóð þess á hverjum tíma.

Reykjanesbær

3. mars 2021

2 STADHÆTTIR

2.1 Sveitarfélagið

Umdæmi sveitarfélagsins Reykjanesbæjar nær frá Innriskoru á Vogastapa um Arnarklett þaðan í Stapafell. Áfram um Valbjarnargjá til sjávar.

Svæðið er u.þ.b. 135 ferkílómetrar.

Þéttbýlisstaðir:

Keflavík,	9.018
Njarðvík	7.293
Ásbrú	3.251
Hafnir	114
Samtals íbúar:	19.676 í jan 2021

Vegalengdir frá miðsvæði (lögreglustöð) í **Hafnir** er 13 km, í **Sandgerði** 10 km, í **Garð** 11 km, í **Voga** 15 km, í **Grindavík** 23 km, í **Hafnarfjörð** (miðsvæðis) 36 km, í **Reykjavík** (Kringla) 45 km.

3 SKILGREININGAR

Innri viðbragðsáætlanir stofnanna sveitarfélgsins Reykjanesbæjar er hægt að virkja hættustundum í kjölfar náttúruhamfara eins og eldgos eða jarðskjálfta. Áætlanirnar miðast við að geta rýmt skóla, leikskóla eða aðrar stofnanir bæjarins á markvissan og skjótan hátt ef svo ber undir. Þær er hægt að nota í náttúruhamförum, bruna eða öðrum þeim aðstæðum sem upp geta komið.

3.1 Óvissustig

Ástand þar sem mælingar gefa ástæðu til frekari skoðunar og fylgjast þurfi með framvindu vegna líkinda á eldgos, jarðskjálftum eða annari náttúruvá.

Forstöðumenn stofnunar eru upplýstir um þau atriði sem máli skipta eftir því sem þau berast sveitarfélaginu.

3.2 Hættustig

Ástand þar sem taldar eru verulegar líkur á að eldgos gæti hafist með litlum fyrirvara eða aukin jarðskjálftavirkni eða önnur náttúruvá.

Forstöðumenn stofnunar eru upplýstir um þau atriði sem máli skipta eftir því sem þau berast sveitarfélaginu. Á hættustigi á að vera nægur tími til að bregðast við í tíma.

3.3 Neyðarstig

Ástand þar sem eldgos er að hefjast eða hafið eða önnur náttúruvá.

Tilkynning getur verið send út í fjöldaskilaboðum ef enginn aðdragandi er að viðbrögðum eða viðbragðsaðilar aka um bæinn með hljóðmerkjum.

3.4 Afboðun

Um leið og ljóst er að ekki er þörf á allri virkjun á neyðaráætlun stofnanna sveitarfélgsins, sem virkjaðar hafa verið af sveitarfélaginu, skal tafarlaust hefja afboðun eftir beiðni frá lögreglu á Suðurnesjum eða Samhæfingarstöðinni.

3.5 Rýming

Tilfærsla fólks innan saman umdæmis vegna bráðrar eða yfirvofandi hættu.

3.6 Flótti

Sjálfsprottin rýming þar sem fólk ákveður að eigin frumkvæði, án skipulags, að flýja heimili eða svæði. Kallar á viðbrögð yfirvalda til að ná tókum og koma skipulagi á ástandið.

3.7 Brottflutningur

Flutningur fólks á milli lögregluumdæma.

3.8 Forvirk rýming

Rýming vegna yfirvofandi eða hugsanlegrar hættu.

3.9 Neyðarrýming

Rýming án fyrirvara og ekki aðrir möguleikar í stöðunni en að rýma.

3.10 Rýming með takmörkunum

Rýming sem á við um hluta sólarhrings, hluta svæðis, hluta íbúa eða nær ekki til allra. Kann að fela í sér að óþarfa umferð er ekki heimil á eða um svæði. Getur líka verið að aðeins heimamönnum sé heimil dvöl á svæði en ekki gestum eða ferðamönnum.

3.11 Skjól á staðnum

Ef fólki er mögulega meiri hættu búin með því að fara af stað á hættusvæði kann að vera betra að halda kyrru fyrir og í skjóli. Ekki eiginleg rýming. Kallar á leiðbeiningar frá yfirvöldum. (Staðlaðar upplýsingar vegna bruna, mengunar oþh er hægt að eiga til)

4 BOÐUN

Hver boðar, hverja, hvenær?

Brunaboðun: Brunakerfi hverrar stofnunar vegna elds eða reyks, stjórnstöð Öryggismiðstöðvar boðar Brunavarnir Suðurnesja.

Slys: Næsti starfsmaður.

Náttúruvá: Sveitarfélagið, forstöðumaður stofnunar, Lögreglan á Suðurnesjum, Fjöldaskilaboð frá Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra.

Rýming/Neyðarrýmin: Fjöldaskilaboð frá almannavarnardeild ríkislögreglustjóra / Lögregla eða björgunarsveit aka um bæinn með hljóðmerkjum (sírena).

Viðbragðsáætlun er virkuð þegar boð koma frá þessum aðilum.

Securitas/Öryggismiðstöðin
Lögreglan á Suðurnesjum.
Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra.
Sveitarstjórn.

5 STJÓRNKERFI

5.1 Neyðarstjórn sveitarfélagsins

Neyðarstjórn sveitafélagsins er tengiliður við aðgerðarstjórn í hættu/neyðarástandi í bæjarfélaginu.

5.2 Aðgerðastjórn(AST)

Í aðgerðarstjórn Almannaþingarnefndar Suðurnesja sitja aðilar frá eftirtöldum aðilum, Lögreglustjórinn á Suðurnesjum eða fulltrúi hans sem er aðgerðarstjóri,
Fulltrúar svæðisstjórnar björgunarsveita á Suðurnesjum,
Fulltrúið rauða kross Íslands, Suðurnesja deildar,

Aðgerðarstjórn er staðsett í húsnæði Brunavarna Suðurnesja á Flugvöllum.

5.3 Vettvangsstjórn

Vettvangsstjórnir geta verið starfandi í hverju sveitarfélagi og eru þá skipaðar aðilum frá Lögreglunni á Suðurnesjum sem fer með vettvangsstjórn, Svæðisstjórn / Björgunarsveit og eftir atvikum fulltrúar Rauða krossins, sveitarfélagsins eða annara ef ástæða er til.

6 STARFSSVÆÐI

Í þessum kafla er fjallað um starfssvæðin sem þarf að skipuleggja þegar tekist er á við hópslys. Ljóst er að ef ekki er um að ræða slys, þar sem margir eru slasaðir, mun ekki verða þörf á að virkja öll starfssvæðin. Engu að síður þarf að gera ráð fyrir þeim í skipulaginu og frekar að virkja þau frá upphafi og síðan að loka þeim ef ekki reynist þörf fyrir þau en að ætla að ákveða í miðri aðgerð hvað á að virkja og hvað ekki.

Einnig er hér fjallað um verkefni og lokanir sem ekki er hægt að setja niður sem ákveðið starfssvæði.

Starfssvæðum má skipta í tvo megin flokka. Söfnunarsvæði, sem ætluð eru þolendum óhappsins, og biðsvæði sem ætluð eru þeim björgum er bíða eftir verkefnum eða hafa lokið sínum verkefnum og bíða eftir því að vera leystar frá störfum. Um nánari skilgreiningar á starfssvæðum og verkefnum sem nefnd eru í þessum kafla vísast til vettvangsstjórnarheftis almannavarna.

Söfnunarsvæði fyrir þolendur

Söfnunarsvæði slasaðra (SSS)

Söfnunarsvæði látinna (SSL)

Söfnunarsvæði aðstandenda (SSA)

Fjöldahjálparstöð (FHS)

Biðsvæði fyrir bjargir

Biðsvæði hjálparliðs (BH)

Biðsvæði tækja & búnaðar (BTB)

Biðsvæði flutningstækja (BF)

Móttaka bjarga (MÓT)

6.1 Móttökustaður bjarga (MÓT)

Starfsemi: Staður þar sem viðbragðsaðilar tilkynna sig til skráningar inn á svæðið í verkefni, ýmist með því að mæta á staðinn eða tilkynna sig inn í gegnum fjarskipti og fá staðfestingu á ákvörðunarstað.

Staðsetning: Ákvörðun VST

Verkbáttastjóri: Flutningastjóri
Hverjir sinna: Lögregla
 Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 2

Kortatákn:



6.2 Biðsvæði á vettvangi (BF, BH og BTB)

Starfsemi: Staðir sem bjargir bíða á þangað til þeim hefur verið úthlutað verkefni eða á meðan þær eru í hvíld. Þaðan eru bjargir sendar í verkefni samkvæmt fyrirmælum vettvangsstjóra. Halda þarf skrá um allar bjargir í samvinnu við móttöku. Biðsvæði geta verið innan eða utan við ytri lokun (innri eða ytri biðsvæði).

Staðsetning: Ákvörðun AST / VST


Verkbáttastjóri: Flutningastjóri
Hverjir sinna: Lögreglan
 Svæðisstjórn björgunarsveita á svæði 2

Kortatákn:

Biðsvæði hjálparliðs

Biðsv. tækja og búnaðar

Biðsv. flutningatækja



6.3 Rýmingarsvæði


Starfsemi: Húsnæði, svæði, hverfi eða bæjarhluta sem hefur verið skilgreint sem rýmingarsvæði

Verkbáttastjóri: Björgunarstjóri

Aðrir stjórnendur: Vettvangsstjóri getur skipað undirstjórnendur til að fylgja eftir rýmingu á einstaka hlutum rýmingarsvæðis.

Hverjir sinna: Lögreglan
Björgunarsveitir

Kortatákn:



Lína dregin um áhrifasvæðið

6.4 Gæslustörf á vettvangi

Starfsemi: Lokun svæða fyrir umferð, verndun vettvangs og gæsla eftir þörfum á starfssvæðum og biðsvæðum, skipulagning á umferðarstjórn og umsjón með söfnunarsvæði látinna.

Verkbáttastjóri: Gæslustjóri

Ytri lokun: Eftir ákvörðun gæslustjóra í samráði við VST.

Innri lokun: Eftir ákvörðun gæslustjóra í samráði við VST.

Bílaumferð: Þar sem við á getur þurft að stýra umferð viðbragðsaðila um vettvang og setur gæslustjóri upp umferðarskipulag í samráði við VST.

Hverjir sinna: Lögreglan
Björgunarsveitir

Sjá nánar umferðaskipulag í kafla 7.

Kortatákn:

Innri lokun



Afmarkar þau svæði sem eru algjörlega lokuð öðrum en neyðarþjónustuaðilum.

Ytri lokun



Afmarkar umráða- og starfssvæði vettvangsstjórnar.

6.5 Fjöldahjálparstöð

Starfsemi: Staður þar sem þolendum og aðstandendum er safnað saman. Þar fer fram:

- Matur og drykkur
- Móttaka og skráning þolenda
- Úrvinnsla á skráningu
- Aðhlynning
- Gæsla á verðmætum
- Almenn skyndihjálp
- Sálgæsla sem veitt er af forystumönnum trúfélaga
- Áfallahjálp
- Upplýsingamiðlun til aðstandenda
- Ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu í boði
- Neyðarfjárstyrkir eftir þörfum
- Dreifing á fatnaði og öðrum nauðsynjum eftir þörfum
- Félagslegur stuðningur eftir aðstæðum og ákvörðunum hverju sinni.


Staðsetning: Fjöldahjálparstöðvar eru staðsettar í:
Íþróttahúsið Sunnubraut
Stapaskóli

Ábyrgð: AST (ATH, eru undir Aðgerðarstjórn)

Aðrir stjórnendur: Fjöldahjálparstjóri stjórnar starfsemi fjöldahjálparstöðvar

Aðrir stjórnendur: Rauði krossinn stýrir opnun og starfrækslu fjöldahjálpastöðva
Hverjir sinna: Rauði krossinn á hverjum stað
Áfallateymi Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
Starfsmenn þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga
Félagsþjónusta Sveitarfélaganna

Kortatákn:



Fjöldahjálparstöðvar Rauðakrossins gegna hlutverkum þjónustumiðstöðva þangað til annað er ákveðið


7 HVERFASKIPTING, RÝMINGARÁETLANIR OG UMFERÐARSKIPULAG

7.1 Tilmæli vegna rýmingar

Í skipulagi almannavarna er rýming hluti af mótvægisáðgerðum til að draga úr áhrifum hættu á samfélag og íbúa þess, áður en neyðarástand á sér stað eða á meðan neyðarástand varir. Það felur í sér að íbúar flytja á öruggari stað og síðan að þeir komist öruggir heim aftur í lok neyðarástands. Til að rýming gangi vel fyrir sig er mikilvægt að til sé áætlun um framkvæmd rýminganna.

Forboði eldgoss eru jarðskjálftar sem finnast víða og órói sem kemur fram á mælum vísindastofnana. Vísindamenn upplýsa almannavarnir um að gos sé að hefjast og þá virkja almannavarnir skipulag sitt og áætlanir. Ríkislögreglustjóri gefur fyrirmæli um brottflutning fólks af hættusvæði.

Vegna óvissustigs er brýnt að íbúar Reykjanesbæjar kynni sér eftirfarandi upplýsingar.



- Fjölskyldumeðlimir sóttir víða um bæ
 - Börn í leik- og grunnskóla skulu sótt af foreldri eða forráðamanni. Mikilvægt að foreldrar viti ef börn eru í dagskrá utan skólastofu (íþróttum, sundi o.s.frv) á skólatíma.
 - Hver stofnun hefur sína rýmingaráætlun sem foreldrum ber að kynna sér.
 - Mikilvægt að kynna sér umferðarskipulag sem gildir í Reykjanesbæ við rýmingu.
 - Aðilar hvattir til að sækja börn sín fótgangandi sé þess kostur og aðstæður leyfa.
- Ekki er nauðsynlegt að koma við á söfnunarmiðstöðinni í íþróttamiðstöðinni við Sannubraut eða í Stapaskóla, þær eru helst ætlaðar þeim sem þurfa aðstoð við að komast úr bænum.
- Almennar upplýsingar er hægt að fá í hjálparsíma Rauða Krossins símanúmer: 1717.
- Athugið: Ef lögreglustjóri gefur út fyrirmæli um rýmingu er íbúum skylt að rýma hús sín.
- Ítarlegri upplýsingar má finna á heimasíðu Almannavarnardeildar Ríkislögreglustjóra, www.almannavarnir.is

Fjöldahjálpastöðvar

Reykjanesbær: Íþróttarhúsið við Sannubraut, Stapaskóli
Suðurnesjabær: Grunnskólinn Garði, Grunnskólinn Sandgerði
Grindavík: Hópsskóli
Kópavogur: Kórin


Aðstoð og upplýsingar

Þörf á aðstoð: Neyðarlínan - 112

Þörf á upplýsingum:

Hjálparsími Rauða Krossins: 1717

7.2 Hverfaskipting og flóttaleiðir









8 VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA

Í þessum kafla er verkefnum þeirra, sem skyldum hafa að gegna í viðbragðsáætlun þessari gerð skil:

8.1	Sveitarfélagið Reykjanesbær	21
8.2	Grunnskólar í Reykjanesbæ	21
8.3	Leikskólar	22
8.4	Íþróttamannvirki Reykjanesbæjar	22
8.5	Þjónustumiðstöð Reykjanesbæjar	23
8.6	Tónlistarskólar, félagsmiðstöðvar	23
8.7	Söfn í Reykjanesbæ	24
8.8	Þjónustustöðvar aldraðra	24
8.9	Aðrar stofnanir Reykjanesbæjar	24



8.1 Sveitarfélagið Reykjanesbær

ÓVISSUSTIG

1. Bæjarstjóri eða fulltrúi hans upplýsir starfsfólk um atburð og hvers megi vænta.
2. Sveitarfélagið virkjar neyðarstjórn.
3. Sveitarfélagið tryggir samskipti við stofnanir og aðra starfsemi bæjarins.
4. Neyðarstjórn upplýsir forstöðunenn stofnanna bæjarins um atburð og hvers megi vænta.

HÆTTUSTIG

5. Bæjarstjóri eða fulltrúi hans upplýsir starfsfólk um atburð og hvers megi vænta.
6. Neyðarstjórn sveitarfélagsins samhæfir upplýsingagjöf til stofnanna bæjarins og tryggir samskiptaleiðir.
7. Neyðarstjórn tryggir samskiptaleið við aðgerðarstjórn.

NEYÐARSTIG

1. Neyðarstjórn tryggir að stofnanir virki sínar innri áætlanir og vinni eftir þeim.
2. Neyðarstjórn sveitarfélagsins samhæfir upplýsingagjöf til stofnanna bæjarins og tryggir samskiptaleiðir.
3. Neyðarstjórn tryggir að samskiptalisti við stofnanir sé til staðar fyrir viðbragðsaðila.

8.2 Grunnskólar í Reykjanesbæ

ÓVISSUSTIG

1. Skólastjórnendur upplýsa kennara og aðra starfsmenn um atburð og hvers megi vænta.
2. Nemendum er kynnt aðstæður og ef til rýmingar á skólanum kemur hvað nemendur eigi að gera.
3. Áréttað við forráðamenn nemanda að kynna sér áætlun skólans ef til rýmingar kemur.
4. Skólastjórnendur upplýsa kennara og aðra starfsmenn um framvindu atburðar.
5. Vinna samkvæmt sinni innri áætlun.

HÆTTUSTIG

1. Skólastjórnendur upplýsa kennara og aðra starfsmenn um atburð og hvers megi vænta.
2. Skólastjórnendur undirbúa kennara og aðra starfsmenn um hlutverk sín ef til rýmingar kemur.
3. Áréttað við forráðamenn nemanda að kynna sér áætlun skólans ef til rýmingar kemur.
4. Skólastjórnendur upplýsa kennara og aðra starfsmenn um framvindu atburðar.
5. Vinna samkvæmt sinni innri áætlun.
6. Tryggja samskipti við neyðarstjórn sveitarfélagsins.

NEYÐARSTIG

1. Skólastjórnendur virkja rýmingaráætlun skólans.
2. Tryggja samskipti við neyðarstjórn sveitarfélagsins.

8.3 Leikskólar

ÓVISSUSTIG

1. Leikskólastjórnendur upplýsa kennara og aðra starfsmenn um atburð og hvers megi vænta.
2. Nemendur leikskólans æfðir í hvað þau eigi að gera ef til rýmingar kemur. (Leikur)
3. Áréttað við forráðamenn nemanda að kynna sér áætlun skólans ef til rýmingar kemur.
4. Skólastjórnendur upplýsa kennara og aðra starfsmenn um framvindu atburðar.
5. Skólinn vinnur samkvæmt sinni innri áætlun.

HÆTTUSTIG

1. Skólastjórnendur upplýsa kennara og aðra starfsmenn um atburð og hvers megi vænta.
2. Skólastjórnendur undirbúa kennara og aðra starfsmenn um hlutverk sín ef til rýmingar kemur.
3. Áréttað við forráðamenn nemanda að kynna sér áætlun skólans ef til rýmingar kemur.
4. Skólastjórnendur upplýsa kennara og aðra starfsmenn um framvindu atburðar.
5. Skólinn vinnur samkvæmt sinni innri áætlun.
6. Tryggja samskipti við neyðarstjórn sveitarfélagsins.

NEYÐARSTIG

1. Skólastjórnendur virkja rýmingaráætlun skólans.
2. Tryggja samskipti við neyðarstjórn sveitarfélagsins.

8.4 Íþróttamannvirki Reykjanesbæjar

ÓVISSUSTIG

1. Forstöðumenn eða fulltrúar hans upplýsir starfsfólk um atburð og hvers megi vænta.
2. Forstöðumenn tryggir að starfsfólki sé kunnugt hlutverk sitt ef viðbragðsáætlun íþróttamiðstöðvarinnar er virkjuð.
3. Tryggt að gestir og nemendur séu upplýstir um rýmingarleiðir út úr húsinu.
4. Vinna samkvæmt sinni innri áætlun.

HÆTTUSTIG

1. Forstöðumenn eða fulltrúi hans upplýsir starfsfólk um atburð og hvers megi vænta.
2. Forstöðumenn tryggir að starfsfólki sé kunnugt hlutverk sitt ef viðbragðsáætlun íþróttamiðstöðvarinnar er virkjuð.
3. Tryggt að gestir og nemendur séu upplýstir um rýmingarleiðir út úr húsinu.
4. Vinna samkvæmt sinni innri áætlun.
5. Tryggja samskipti við neyðarstjórn sveitarfélagsins.

NEYÐARSTIG

1. Forstöðumenn eða fulltrúar hans virkja rýmingaráætlun íþróttamiðstöðvarinnar.
2. Tryggja samskipti við neyðarstjórn sveitarfélagsins.

8.5 Umhverfismiðstöð Reykjanesbæjar

ÓVISSUSTIG

1. Forstöðumaður eða fulltrúi hans upplýsir starfsfólk um atburð og hvers megi vænta.
2. Forstöðumaður tryggir að starfsfólki sé kunnugt hlutverk sitt ef viðbragðsáætlun þjónustumiðstöðvarinnar er virkjuð.
3. Tæki og bifreiðar undirbúin til að sinna hlutverkum sínum.
4. Rýmingarleiðir út úr hverfum opnaðar og settar í vetrarþjónustu.
5. Vinna samkvæmt sinni innri áætlun.

HÆTTUSTIG

1. Forstöðumaður eða fulltrúi hans upplýsir starfsfólk um atburð og hvers megi vænta.
2. Forstöðumaður tryggir að starfsfólki sé kunnugt hlutverk sitt ef viðbragðsáætlun þjónustumiðstöðvarinnar er virkjuð.
3. Rýmingarleiðir yfirfarnar og aðgengi að þeim tryggt.
4. Bifreiðar ferðaþjónustu eru tiltækar öllum stundum.
5. Vinna samkvæmt sinni innri áætlun.
6. Tryggja samskipti við neyðarstjórn sveitarfélagsins.

NEYÐARSTIG

3. Forstöðumaður eða fulltrúin hans virkja rýmingaráætlun þjónustumiðstöðvarinnar.
4. Tryggja samskipti við neyðarstjórn sveitarfélagsins.

8.6 Tónlistarskólar, félagsmiðstöðvar

ÓVISSUSTIG

1. Forstöðumenn eða fulltrúar hans upplýsir starfsfólk um atburð og hvers megi vænta.
2. Forstöðumenn tryggir að starfsfólki sé kunnugt hlutverk sitt ef viðbragðsáætlun Tón/Félagsmiðstöðvarinnar er virkjuð.
3. Tryggt að gestir og nemendur séu upplýstir um rýmingarleiðir út úr húsinu.
4. Vinna samkvæmt sinni innri áætlun.

HÆTTUSTIG

1. Forstöðumenn eða fulltrúi hans upplýsir starfsfólk um atburð og hvers megi vænta.
2. Forstöðumenn tryggir að starfsfólki sé kunnugt hlutverk sitt ef viðbragðsáætlun Tón/Félagsmiðstöðvarinnar er virkjuð.
3. Tryggt að gestir og nemendur séu upplýstir um rýmingarleiðir út úr húsinu.
4. Vinna samkvæmt sinni innri áætlun.
5. Tryggja samskipti við neyðarstjórn sveitarfélagsins.

NEYÐARSTIG

1. Forstöðumenn eða fulltrúar hans virkja rýmingaráætlun Tón/Félagsmiðstöðvarinnar.
2. Tryggja samskipti við neyðarstjórn sveitarfélagsins.

8.7 Söfn í Reykjanesbæ

ÓVISSUSTIG

1. Forstöðumenn eða fulltrúar hans upplýsir starfsfólk um atburð og hvers megi vænta.
2. Forstöðumenn tryggir að starfsfólki sé kunnugt hlutverk sitt ef viðbragðsáætlun er virkjuð.
3. Tryggt að gestir séu upplýstir um rýmingarleiðir út úr húsinu.
4. Vinna samkvæmt sinni innri áætlun.

HÆTTUSTIG

1. Forstöðumenn eða fulltrúar hans upplýsir starfsfólk um atburð og hvers megi vænta.
2. Forstöðumenn tryggir að starfsfólki sé kunnugt hlutverk sitt ef viðbragðsáætlun er virkjuð.
3. Tryggt að gestir séu upplýstir um rýmingarleiðir út úr húsinu.
4. Vinna samkvæmt sinni innri áætlun.
5. Tryggja samskipti við neyðarstjórn sveitarfélagsins.

NEYÐARSTIG

1. Forstöðumenn eða fulltrúar hans virkja rýmingaráætlun.
2. Tryggja samskipti við neyðarstjórn sveitarfélagsins.

8.8 Þjónustustöðvar aldraðra

ÓVISSUSTIG

1. Forstöðumenn eða fulltrúar þeirra upplýsir starfsfólk um atburð og hvers megi vænta.
2. Forstöðumenn tryggir að starfsfólki sé kunnugt hlutverk sitt ef viðbragðsáætlun er virkjuð.
3. Tryggt að skjólstæðingar og gestir séu upplýstir um rýmingarleiðir út úr húsunum.
4. Vinna samkvæmt sinni innri áætlun.

HÆTTUSTIG

1. Forstöðumenn eða fulltrúar þeirra upplýsir starfsfólk um atburð og hvers megi vænta.
2. Forstöðumenn tryggir að starfsfólki sé kunnugt hlutverk sitt ef viðbragðsáætlun er virkjuð.
3. Tryggt að skjólstæðingar og gestir séu upplýstir um rýmingarleiðir út úr húsunum.
4. Vinna samkvæmt sinni innri áætlun.
5. Tryggja samskipti við neyðarstjórn sveitarfélagsins.

NEYÐARSTIG

1. Forstöðumenn eða fulltrúar hans virkja rýmingaráætlun.
2. Tryggja samskipti við neyðarstjórn sveitarfélagsins.

8.9 Aðrar stofnanir Reykjanesbæjar

ÓVISSUSTIG

1. Forstöðumenn eða fulltrúar þeirra upplýsir starfsfólk um atburð og hvers megi vænta.
2. Forstöðumenn tryggja að starfsfólki sé kunnugt hlutverk sitt ef viðbragðsáætlun er virkjuð.
3. Tryggt að gestir og starfsmenn séu upplýstir um rýmingarleiðir út úr húsinu.
4. Vinna samkvæmt sinni innri áætlun.

HÆTTUSTIG

1. Forstöðumenn eða fulltrúar þeirra upplýsir starfsfólk um atburð og hvers megi vænta.
2. Forstöðumenn tryggja að starfsfólki sé kunnugt hlutverk sitt ef viðbragðsáætlun er virkjuð.
3. Tryggt að gestir og starfsmenn séu upplýstir um rýmingarleiðir út úr húsinu.
4. Vinna samkvæmt sinni innri áætlun.
5. Tryggja samskipti við neyðarstjórn sveitarfélagsins.

NEYÐARSTIG

1. Forstöðumenn eða fulltrúar hans virkja rýmingaráætlun annara stofnanna Reykjanesbæjar.
2. Tryggja samskipti við neyðarstjórn sveitarfélagsins.

9 SAMSKIPTASKIPULAG SVEITARFÉLAGSINS

Hér er hægt að setja inn samskiptaleiðir stofnanna sveitarfélagsins, innbyrðis og milli stofnanna sem og við aðgerðarstjórnar.

Viðbragðsaðilar notast við Tetra fjarskiptakerfi, ef sveitarfélagið er að nota þetta kerfi er möguleiki á að samtengja það við viðbragðsaðila.

(Samskiptaleið á workspace)

9.1 Stofnanir sveitarfélagsins

Stofnun	Nafn	Hlutverk	Sími	epostur

10 KORT



Keflavík



Ytri Njarðvík, Ásahverfi



Innri Njarðvík



Ásbrú



Hafnir

11 DREIFINGARLISTI

Þeir aðilar sem hafa hlutverk samkvæmt áætluninni, samkvæmt 8. kafla, eiga að eiga útprentað eintak af henni. Áætlunin er vistuð á www.almannavarnir.is og á heimasíðu sveitarfélagsins þar sem hægt er að nálgast hana til útprentunar.

12 BREYTINGA SAGA

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar / breytingar	Fært inn
Drög 0.1	11.04.2021	Upphafsskjal	
Drög 0.2	8.11.2023	Uppfært skjal	